

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 1582 — 666. mál.
2. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (undanþágur, endurgreiðslur o.fl.).

Frá Lilju Mósesdóttur og Birki Jóni Jónssyni.

- Á eftir 1. gr. komi ný grein, svohljóðandi:
Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Margnota bleiur og bleiufóður sem falla undir tollskrárnúmer 9619.0091.
- Við bætist ný grein, svohljóðandi:
Við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á 96. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög, nr. 88/2005: Tollskrárnúmerið 9619.0090 skiptist upp og orðast svo:

	A	E
	%	%
– Annars:		
9619.0091 – – Barnableiur og laust bleiufóður úr öðru en pappír eða vatti, margnota	15	0
9619.0099 – – Annað	15	0

Greinargerð.

Lagt er til að margnota bleiur verði færðar úr 25,5% virðisaukaskattsþrepi í 7% þrepið. Markmið tillögunnar er að draga úr notkun einnota bleia og um leið minnka mengun af völdum sorps.

